

Ed.

287. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Flm.: Magnús Gíslason, Ingvar Pálmason, Erlendur Þorsteinsson.

1. gr.

56. gr. 2. málsg. hljóði svo:

Lögfræðingar þeir, sem stundað hafa málflutning fyrir héraðsdómi sjálfstætt, eða sem fulltrúar hæstaréttarmálflutningsmanna, minnst 3 ár samfleytt fyrir 1. janúar 1937, skulu vera undanþegnir prófraun þeirri, er um ræðir í 1. málsgrein. Lögfræðingar, sem skipaðir hafa verið í dómaraembætti, eða skipa má í föst dóm-
arasæti samkvæmt 32. gr., skulu einnig undanþegnir umræddri prófraun.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með 56. gr. téðra laga er tekinn af þeim lögfræðingum, sem voru starfandi málfærslumenn við héraðsdóm, þegar lögin gengu í gildi, réttur til að starfa þar áfram eftir 1. janúar 1940, ef þeir hafa ekki þá lokið prófraun þeirri, er greinin getur um. Nokkrir þessara málfærslumanna munu nú þegar hafa lokið þessari raun, en hinir eru margir, sem ekki hefir enn gefizt tækifæri til að fullnægja þessu skilyrði fyrir áframhaldandi málflutningi fyrir héraðsdómi. Stafar þetta af því, að þeir hafa ekki haft mál til meðferðar, er hæf þættu til prófflutnings, og getur hæglega liðið langur tími þar til þeir fá slika mál til flutnings. Á þetta sérstaklega við um þá málflutningsmenn, sem litið hafa að gera, eða þá, sem hafa málflutning í hjáverkum, en þessir lögfræðingar, sumir með þung heimili, þola sízt, að réttindin séu af þeim tekin.

Með framangreindu ákvæði er algerlega brotið í bága við þá meginreglu, sem

fylgt hefir verið í atvinnulöggjöf síðari ára, að skerða í engu atvinnuréttindi manna eftir eldri löggjöf, enda þótt strangari reglur séu settar um að öðlast slík réttindi framvegis. Má þar nefna t. d. lög nr. 18/1927, um iðju og iðnað, 27. gr., lög nr. 47/1932, um lækningaleyfi, 22. gr., og lög nr. 104/1936, um atvinnu við siglingar, sem öll innihalda ákvæði um það, að þeim réttindum, sem menn höfðu er lögin gengu í gildi, skuli þeir halda óskertum. Verður ekki fundin nein skynsamleg ástæða fyrir því, hvers vegna gilda skuli strangari reglur um málflutning fyrir héraðsdómi en annan atvinnurekstur.

Í frumvarpinu er þó ekki farið fram á annað en að þeir, sem stundað hafa málflutning minnst 3 ár samfleytt áður en lögin gengu í gildi, fái að halda réttindum sínum.

Það er algengt, að lögfræðingar, sem gegnt hafa lengi sýslumanns- eða bæjarfógetaembætti, eða öðrum ábyrgðarmiklum lögfræðistörfum, hafi málflutning að atvinnu eftir að þeir hafa látið af embætti. Virðist sem þessir menn eigi að hafa heimild til að mæta fyrir héraðsdómi, án þess að þurfa fyrst að ganga undir próf það, er hér ræðir um. Getur dregizt fyrir þeim eigi síður en öðrum að fá nægilega mörg prófmál til flutnings, enda þótt þeir hefðu nóg af öðrum málum, sem þeir þyrftu að flytja fyrir héraðsdómi. Ákvæðið um prófraunina getur því orðið þessum mönnum mjög bagalegt. Auk þess má gera ráð fyrir, að sumum þeirra, t. d. rosknium og reyndum sýslumönnum og bæjarfógetum, lögmanninum í Reykjavík, prófessorum við lagadeild háskólans og hæstaréttardómurum, væri fremur ógeðfellt að þurfa að ganga undir slíkt próf sem þetta, áður en þeim yrði treyst til að flytja mál fyrir héraðsdómi, sem hver ólöglærður maður gat tekið að sér áður en lög nr. 85 frá 1936 gengu í gildi.

Samkvæmt lögum eiga héraðsdómarar að veita málfærslumönnum fyrir héraðsdómi löggildingu. Sýnist lítið samræmi vera í því að veita þeim slíkt úrskurðarvald, en meina þeim jafnframt að flytja mál fyrir héraðsdómi, nema þeir áður leysi af hendi prófraun þá, er lögin gera ráð fyrir.